



AÐGERÐAÁÆTLUN GRÓTTU GEGN EINELTI OG OFBELDI

Stefnuyfirlýsing



Íþróttafélagið Gróttu lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi, t.d. kynferðislegt ofbeldi verður liðið í Gróttu. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Íþróttafélagið Gróttu á að vera öruggur staður til íþróttaiðkunar og vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju gagnvart hverri manneskju.

Skilgreiningar

Einelti er endurtekin áreitni eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig. Líkamlegt einelti getur verið barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru tagi. Andlegt einelti felst í stríðni, útilokun, hótunum eða höfnun.

Einstaklingur er lagður í einelti þegar hann verður fyrir:

1. Stríðni
2. Hótunum
3. Útilokun
4. Endurteknu líkamlegu ofbeldi
5. Annarri niðurlægjandi áreitni

Ofbeldi er vísvitandi meiðandi hegðun þar sem einstaklingur eða hópur beitir valdi til að meiða eða niðurlægja aðra. Hafa skal í huga að ofbeldi getur einnig verið af kynferðislegum toga, t.d. óviðeigandi snerting, talsmáti eða önnur tjáning. Einstakt ofbeldisatvik getur verið merki um að sá sem fyrir ofbeldinu verður hafi verið lagður í einelti.

Að þekkja einelti

Sá einstaklingur sem verður fyrir einelti eða ofbeldi segir oft ekki frá því heldur skammast sín og kennir sjálfum sér jafnvel um. Þess vegna er mjög áriðandi að allir þekki einkenni eineltis.

Hugsanlega er um einelti að ræða ef iðkandinn:

- er hræddur við að ganga einn á leið sinni til æfinga eða heim eftir æfingar
- vill ekki fara á æfingar eða aðrar samkomur sem eru á vegum Gróttu
- fer að koma heim með rifin föt
- hættir að fara í sturtu eftir æfingar
- fer að koma heim með blaut íþróttaföt (kastað í sturtuna)
- byrjar að stama, missir sjálfstraustið
- leikur sér ekki við önnur börn
- neitar að segja frá hvað amar að
- kemur heim með marbletti eða skrámur sem hann getur ekki útskýrt
- verður árásargjarn og erfiður viðureignar



Verði foreldrar, starfsmenn eða þjálfarar varir við einhver þessara einkenna eða önnur sem benda til að barninu líði illa er mikilvægt að kanna málið, hafa samband við foreldra eða þjálfara og ef til vill foreldra annarra barna.

Fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð:

1. Iðkendur

- Allir iðkendur skulu fræddir um stefnu Íþróttafélagsins: Einelti og ofbeldi leyfist ekki.
- Iðkendum séu markvisst kennd góð samskipti frá byrjun æfinga. Lögð sé áhersla á að iðkendur séu félagar og eigi að koma vel fram hvert við annað og að ekki megi skilja útundan eða stríða.
- Iðkendum sé kennt að þegar ágreiningur kemur upp þeirra á milli sé rétt að ræða málin og reyna að komast að málamiðlun og fá aðstoð til þess hjá fullorðnum ef á þarf að halda.
- Iðkendur séu hvattir til að láta vita ef þeir eða aðrir verða fyrir einelti eða ofbeldi, öllum á að geta liðið vel í Íþróttafélaginu og njóta virðingar sem einstaklingar. Gera þarf iðkendum grein fyrir því að þeir eru ekki að klaga ef þeir segja frá því að einhverjum líði illa vegna eineltis eða annars ofbeldis.
- Iðkendur séu hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Einnig er mikilvægt að gera iðkendum grein fyrir því að það að skilja útundan og hunsa er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berja.

2. Foreldrar

Allir foreldrar eða forráðamenn fá upplýsingar um stefnu Íþróttafélagsins í eineltis- og ofbeldismálum og eru hvattir til að leggja Íþróttafélaginu lið. Foreldrar eru beðnir að láta börn sín vita að þeir styðji stefnu Íþróttafélagsins Gróttu og vilji hvorki að þau séu lögð í einelti, leggi aðra í einelti né séu áhorfendur að einelti eða ofbeldi.

- Foreldrar geta best stutt stefnu Íþróttafélagsins með því að kenna börnum sínum að bera virðingu fyrir öðru fólki og hvetja þau til góðra samskipta við féлага sína.
- Foreldrar hvetji börn sín til að láta vita ef þeim eða öðrum líður illa og séu tilbúnir til að hlusta á þau og veita þeim stuðning.
- Foreldrar hafi samband við þjálfara og íþróttastjóra ef þeir fá grun um einelti eða ofbeldi í Íþróttafélaginu.



3. Starfsfólk og þjálfarar

Íþróttastjóri sjái um að árlega fari fram fræðsla og umræða um stefnu íþróttafélagsins í eineltis- og ofbeldismálum. Fræðslunni sé beint til iðkenda, foreldra, þjálfara og starfsfólks.

Allir starfsmenn og þjálfarar séu vakandi fyrir því að einelti og ofbeldi geti komið upp í íþróttafélaginu og séu tilbúnir til að bregðast strax við ef þeir verða vitni að slíku.

Íþróttafélagið Gróttu sér um að allir þjálfarar og aðstoðarfólk fái fræðslu um einelti í það minnsta einu sinni á ári.

Þjálfarar leggi áherslu á góðan anda í flokknum og brýni fyrir iðkendum að einelti og ofbeldi leyfist ekki í íþróttafélaginu. Jafnframt sé lögð áhersla á samkennd iðkenda og að þeir eigi að láta vita ef þeim sjálfum eða öðrum líður illa. Unnið skal að því að iðkendum geri sér grein fyrir þeim sáru afleiðingum sem meiðandi framkoma hefur og þeir hvattir til að setja sig í spor annarra.

Íþróttafélagið Gróttu leggur mikla áherslu á að góður andi ríki í flokkunum þannig að allir sem stunda íþróttir hjá Gróttu líði vel á meðan æfingu stendur og einnig að henni lokinni.

Starfsfólk og þjálfarar þarf að vera tilbúið að hlusta á iðkendur og verða iðkendur að geta treyst því að þeir geti talað við starfsfólk og þjálfara í trúnaði og njóti nafnleyndar. Trúnaður er í flestum tilfellum forsenda þess að iðkendur láti vita af einelti og/eða ofbeldi.

Þegar foreldrar eða iðkendur snúa sér til starfsfólks og þjálfara vegna eineltis- eða ofbeldismála er mikilvægt að starfsfólk og þjálfarar taki ábendingum alvarlega og sé tilbúið að hlusta, aðstoða og benda á við hvaða aðila er hægt að tala.

4. Ábyrgð

Ef upp kemur einelti eða annað ofbeldi í íþróttafélaginu Gróttu eiga umsjónarkennari barnsins í skólanum, skólastjórnendur, þjálfarar barnsins, yfirþjálfari og íþróttastjóri að vinna að lausn málsins og hafa samband við foreldra. Leita skal aðstoðar námsráðgjafa, skólasálfræðings og annars fagfólks eftir þörfum.

Annað starfsfólk, foreldrar og iðkendur geta aðstoðað við lausn mála.

Vakni grunur um einelti eða ofbeldi á æfingum skal strax láta umsjónarkennara viðkomandi nemenda vita. Það sama á við um ef grunur leikur á að um einelti sé að ræða í skólanum að láta íþróttastjóra Gróttu og þjálfara viðkomandi flokks vita strax



Þjálfari barnsins eða unglingsins sem orðið hefur fyrir einelti ber ábyrgð á að koma upplýsingum um málið til íþróttastjóra og fólks sem annast gæslu.

5. Upplýsingar

Aflað sé upplýsinga um nýja iðkendur frá foreldrum og fyrri íþróttafélögum svo hægt sé að vinna að því að skipti á milli íþróttafélaga gangi vel.

Vakni sú tilfinning hjá Íþróttafélaginu Gróttu um að einelti á sér stað á félagið að hafa samband við umsjónakennara iðkenda og fengið upplýsingar hvort samsvarandi hegðun eigi sér stað í skólanum. Einnig ætti skólinn að hafa samband við Gróttu ef einelti kemur upp í skólanum.

Foreldrar barna sem verða fyrir einelti eða öðru ofbeldi á æfingum fá upplýsingar um það eins fljótt og verða má ásamt upplýsingum um hvernig Gróttu ætli að tryggja sem best öryggi barnsins.

Foreldrar gerenda fá einnig upplýsingar um gerðir barns síns og taki virkan þátt í því með Gróttu að setja barninu mörk og eigi kost á aðstoð og leiðbeiningum við hegðunarmótandi aðgerðir fyrir einstaklinginn.

6. Skráning

Íþróttastjóri Gróttu mun sjá um að upplýsingar um öll eineltis- og ofbeldismál sem upp koma séu skráð í gagnagrunn hjá félaginu. Þar komi fram lýsing á hvernig tekið var á málinu, hvernig það leystist og hverjir eiga að fylgja málinu eftir. Þjálfarar haldi eigin skrá um eineltis- og ofbeldismál sem upp koma hjá þeim, hvernig mál þróast og hvernig unnið er úr þeim.

Íþróttafélagið Gróttu mun gæta þess að varlega verði farið um þessar persónuupplýsingar.

7. Gæsla

Gæslu hjá búningsaðstöðu í íþróttahúsi er á ábyrgð Æskulýðs- og íþróttafulltrúa Seltjarnarnesbæjar og ber honum að gæta þess að gæsla innan íþróttahússins sé góð.



Til að rjúfa þau skörpu skil sem eru milli kennslustunda og frímínútna annars vegar og hins vegar á milli æfinga skal með sérstöku átaki og vinnureglum samræma starf þjálfara, gangavarða og umsjónarmanna búningsklefa til varnar gegn ofbeldi innan

Gróttu og fyrir bættri almenntri hegðun. Nota skal þá tækni sem til þarf ef ekki er unnt að fullnægja öryggiskröfum um eftirlit.

8. Hvernig tekið er á einelti

Eineltismál eru mjög ólík innbyrðis og það sama má segja um ofbeldi sem upp getur komið í íþróttafélaginu. Þess vegna er ekki hægt að setja fram reglur um eitt ákveðið vinnuferli sem alltaf eigi að fara eftir. Þeir sem taka á málum (oftast þjálfarar og íþróttfulltrúi) verða að veða og meta hverju sinni hvaða leið sé líklegust til árangurs. Nokkrar meginreglur eiga alltaf við:

- Ef grunur um einelti eða annað ofbeldi kemur upp á að láta þjálfara iðkenda vita, þeir eiga að kanna málið og hafa samráð við íþróttastjóra félagsins.
- Tryggja þarf öryggi þolanda og afla góðra upplýsinga um málið eins fljótt og hægt er. Ekki á að spyrja þolanda í viðurvist annarra barna og varast skal að gefa gerendum kost á að hópa sig saman í varnarstöðu.
- Þolandi og foreldrar hans eiga að fá stuðning. Þolandinn á að fá að vita að eineltið sé ekki honum að kenna.
- Árangursríkast er að tala við gerendur einn og einn í senn.
- Þegar talað er við gerendur á að gera þeim ljóst að þeir verði að hætta eineltinu. Sá sem ræðir við gerendur á að sýna þeim kurteisi, varast skammir en ganga út frá því að þeir bæti ráð sitt.
- Þegar foreldrar gerenda eru kallaðir til á að leggja áherslu á að ná góðu samstarfi við þá. Gera skal ráð fyrir að foreldrarnir vilji ekki að barn þeirra leggi aðra í einelti. Foreldrar eiga oft erfitt með að trúá að barn þeirra hagi sér þannig.
- Þegar iðkandi leitar hjálpar vegna eineltis eða ofbeldis verður að koma í veg fyrir að hann verði fyrir hefndaraðgerðum frá gerendum.
- Tekið verður alvarlega á öllum eineltismálum innan Gróttu með útilokun frá íþróttaiðkun í takmarkaðan tíma. Ef um síendurtekin brot getur félagið meinað iðkanda að iðka íþrótt innan Gróttu.
- Einelti innan veggja skólans getur haft afleiðingar innan Gróttu og einnig ef einelti á sér stað hjá Gróttu, þá getur það haft afleiðingar innan skólans.
- Fylgjast þarf með málsaðilum eftir að unnið hefur verið að lausn eineltismála til þess að sama sagan endurtaki sig ekki.
- Ef einelti er illviðráðanlegt getur þurft að láta geranda skipta um umhverfi. Hafi einelti staðið lengi getur verið réttlætanlegt að þolandi skipti um umhverfi til þess að auðvelda honum að skipta um hlutverk. Ef ekkert annað dugar er einelti kært til barnaverndaryfirvalda og lögreglu. Aðalstjórn Gróttu tekur ákvörðun um slíkt ef eineltið er á alvarlegu stigi.



9. Hvernig tekið er á ofbeldi

Ofbeldismál þar sem börn verða fyrir líkamlegum áverkum eða öðru ólöglegu athæfi í Gróttu skulu alltaf tilkynnt viðkomandi foreldrum. Jafnframt áskilur Gróttu sér allan rétt til að grípa til viðeigandi aðgerða gagnvart gerendum í slíkum málum, oftast með útilokun frá íþróttaiðkun í takmarkaðan tíma. Ef um síendurtekin brot getur félagið meinað iðkanda að iðka íþrótt innan Gróttu. Brot innan Gróttu getur haft áhrif innan skólans og eins ef brot gerist innan skólans, þá getur það haft afleiðingar innan Gróttu.

Íþróttafélagið Gróttu munu einnig tilkynna þau mál er geta varðað hegningarlög til viðkomandi yfirvalda lögreglu og barnaverndarmála.

10. Ágreiningur um meðferð eineltis og ofbeldismála

Verði ágreiningur milli Íþróttastjóra Gróttu og forráðamanna barna um meðferð mála sem ekki tekst að leysa getur hvor aðili um sig vísað málinu til aðalstjórnar Gróttu.

11. Gildistaka og aðild

Framangreind stefna og vinnubrögð í aðgerðum gegn einelti og öðru formi ofbeldis í Íþróttafélaginu Gróttu er þannig samþykkt af hálfu starfsfólks Gróttu, þjálfurum Gróttu og aðalstjórn Gróttu.

Seltjarnarnesi, 29.maí 2008